
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2000-01

Fundartími: Föstudagur 18. febrúar 2000 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Áætlun um störf Orkuspárnefndar og hópa á árinu 2000.
2. Störf raforkuhóps.
3. Raforkunotkun ársins 1999.
4. Fréttatilkynning um raforkunotkun ársins 1999.
5. Störf jarðvarmahóps.
6. Störf eldsneytishóps.
7. Skipan Orkuspárnefndar.
8. Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Þorkell Helgason
Katrín Ólafsdóttir
Magnús Magnússon
Haukur Pálmason
Jón Rúnar Sveinsson
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun:

Árni Ragnarsson

1. JV sagði að fjallað hefði verið um áætlun ársins á síðasta fundi og að raforkuhópur nefndarinnar væri farinn að vinna eftir áætluninni. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við áætlunina en ekkert slíkt koma fram.
2. JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps en hann hefur haldið tvo fundi frá því nefndin kom saman síðast. Teknar hafa verið saman upplýsingar um raforkuvinnslu og heildsölu raforku á síðasta ári og drög að fréttatilkynningu sbr. síðari liði á dagskrá fundarins. JV sagði að það væri áhyggjuefni að það ætlaði að reynast erfiðara nú að fá gögn um notkun raforku eftir notkunarflokkum en undanfarin ár vegna þess að veiturnar væru að taka upp ný sölukerfi. Það er mjög slæmt ef slíkt ætlar að gera það að verkum að gögn fást ekki um alla notkun eða að meiri skekkjur verða í þeim tímabundið. Hér er væntanlega um tímabundið vandamál að ræða en þrátt fyrir það er það slæmt. Þær veitur þar sem vitað er um slíkar breytingar eru Orkuveita Reykjavíkur sem tók upp kerfi frá Tæknival á síðasta ári en ætlar að hætta við það og taka upp kerfi frá Tölvumyndum, Rafmagnsveitur ríkisins sem eru að taka upp kerfi frá Tæknival en þar fer ekki í notkun fyrr en á þessu ári, Hitaveita Suðurnesja sem er búin að taka upp kerfi frá Tæknival, Orkubú Vestfjarða sem er búin að taka upp kerfi frá Tölvumyndum og sama á við um Orkuveitu Húsavíkur. HP sagði að engin gögn ættu að tapast en einhvern tíma gæti tekið að setja upp þessa úrvinnslu í nýju kerfi. JV sagði að einungis þrjár veitur væru búnar að skila inn notkunarflokkum fyrir síðasta ár. Raforkuhópurinn ræddi einnig um að vera með svæðanetfangið Orkuspa.is og að vista þá heimasíðuna á einum stað. Mönnum leist vel á það en ÁR benti á að í útgefnum skýrslum nefndarinnar kæmi greinalega fram að þær væru gefnar út af Orkustofnun en slíkt væri ekki eins greinilegt á netinu. JV ætlar að athuga með leið til að koma slíku við. Jónas Guðlaugsson hætti í raforkuhópnum um áramótin og við tók Jón Gestur Hermannsson.
3. JV dreifði töflum um raforkunotkun síðasta árs. Hann sagði að raforkuhópurinn hefði ákveðið að breyta uppsetningu á þessum töflum þannig að þær samræmdust því sem fram kemur í raforkuspá. Þetta á við um meðhöndlun á eigin notkun Landsvirkjunar og á töpum vegna ótryggðrar orku. Hann sagði að í raforkuspá hefði verið miðað við 4,5% töp af sölu á ótryggðri orku. Rafmagnsveitur ríkisins hafa þar að auki metið töpin vegna Vestmannaeyja og Síldarvinnslunnar á Neskaupstað en ekki hefur verið tekið tillit til þess áður en í þessum töflum er það gert fyrir árið 1999. Samþykkt var að gera það sama fyrir árið 1998 þó svo að það kalli á lagfæringu á útgefnum gögnum fyrir árið 1998. Einnig sagðist hann hafa breytt þessum töflum þannig að nú væri orka til dælingar á Nesjavöllum talin með forgangsorku til samræmis við það sem gert hefur verið í raforkuspánni.

Raforkuvinnslan jókst á síðasta ári um 14,5%. Aukning stórnotkunar var 23,4%, almenn notkun jókst um 4,5%, flutningstöp minnkuðu um 6,9% en eigin notkun Landsvirkjunar jókst um 16,5%. Aukning í forgangsorku almennrar notkunar var 3,5% og 13,0% í ótryggðri orku.

JV dreifði töflum um almenna raforkunotkun leiðrétta út frá lofthita. Meðalhiti á síðasta ári var sá sami og í meðalári en árið á undan var heldur hlýrra. Aukning leiðréttrar almennrar notkunar er 4,2% (úr 4,5%) og aukning forgangsorku verður 3,3% (úr 3,5%).

4. JV dreifði drögum 2 að fréttatilkynningu um störf raforkuhóps. Hann sagði að byggt væri á tilkynningunni sem send var út á síðasta ári en raforkuhópurinn hefði ákveðið að bæta við upplýsingum um þróun notkunar eftir landshlutum og samanburð við spá frá 1999. ÞH benti á að raforkunotkun á mann hér á landi ætti að vera orðin sú mesta í heiminum og ætla JV og ÁR að skoða það þannig að setja mætti slíkt inn í fréttatilkynninguna. Einnig benti hann á að koma þyrfti fram hvern væri hægt að hafa samband við varðandi frekari upplýsingar og sagði JV að síðast hefði verið bent á ÞH og JV í tölvupósti sem fréttatilkynningin var send í. PEP benti á að betur kæmi fram að árið 1998 var ótryggt orka ekki tiltæk í kerfinu.
5. ÁR dreifði einu blaði um störf jarðvarmahóps og þar kemur fram að hópurinn hefur haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman. Fjallað hefur verið um árlega gagnasöfnun en meiri tími gefst nú til að safna gögnum þar sem ekki á lengur að dreifa þeim á aðalfundi Samorku. Gerðar hafa verið smávægilegar breytingar á eyðublöðum sem send verða út á næstu vikum og einnig eyðublöð til rafveitna. Nýr fulltrúi, Magnús E. Finnsson, frá Hita- og vatnsveitu Akureyrar hefur bæst í hópinn. Nokkur vinna hefur verið lögð í að undirbúa jarðvarmaspá að undanförunu og er gert ráð fyrir að leggja áherslu á þá vinnu fram á vor. PEP spurði hvort ekki væri tvírætt að margir aðilar væru að spyrja um sömu hlutina hjá rafveitunum þar sem Orkustofnun væri að senda út eyðublöð sem væru e.t.v með sömu upplýsingum og raforkuhópur Orkuspárnefndar væri að safna auk þess sem slíkt gæti kallað á misræmi. ÁR sagði að þetta væru ekki sömu upplýsingarnar og að þetta snérist meira um rekstur veitnanna.
6. JV sagði að eldsneytishópurinn hefði ekki komið saman frá því nefndin hittist síðast. Hópurinn þyrfti að hittast fljótlega til að koma eldsneytisspánni áfram og til að safna gögnum um eldsneytisnotkun síðasta árs.
7. HP sagði að Orkuveita Reykjavíkur færi fram á að Guðmundur Þóroddsson yrði annar fulltrúi veitunnar í nefndinni og var það samþykkt. JV var falið að ræða við Júlíus hjá Hitaveitu Suðurnesja um þátttöku í nefndinni.
8. JRS kynnt bók sem hann var að gefa út um húsnæðiskerfið hér á landi: "Society, Urbanity and Housing in Iceland". ÞH spurði hvort eitthvað sérstakt hefði komið honum á óvart. JRS nefndi sem dæmi að það hvað margir hefðu byggt sitt húsnæði sjálfir væri sérstakt hér og líkist einna helst ástandinu eins og það var í Austur Evrópu. JRS sagði einnig að það stýttist í að Íbúðalánasjóður gerði nýja íbúðaspá en síðasta spá væri frá 1994. Vegna breytinga í lánakerfinu þyrfti að meta íbúðaðþörfina í hverju sveitarfélagi fyrir sig og því væri þörf fyrir svæðisbundna spá. ÞH spurði þá fulltrúa sem hafa komið nýir inn í þetta starf á undanförunum árum hvernig þeim litist á starfið. KÓ sagði að margt væri áhugavert sem kæmi fram í þessu starfi. MM tók undir það og sagði að Hagstofa Íslands hefði ekki gert mannfjöldaspár fyrir einstök svæði og þeir hefðu látið Byggdastofnun það eftir en ef skoða á

Íbúðapörf eftir svæðum væri þörf á slíku. MM sagði að Hagstofan hefði átt gott samstarf við Orkustofnun um gögn um orkumál og gott gæti verið fyrir þá aðila sem taka saman orkuhlutann í Landshagi að kynnast betur þeim sem sinna gagnasöfnun á Orkustofnun og fyrir Orkuspárnefnd. ÞH tók vel í að halda slíkan fund.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 12. maí kl 13:30. Fundi slitið kl. 14:50.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 18. febrúar 2000. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)

Raforkunotkun 1999. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita. (JV)

Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 1999. Drög 1.

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 18. febrúar 2000." (ÁR)